

laun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir. 41
14. júní

25. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1929 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnason.

L Ö G

um

rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þá er hafinn verður rekstur síldarbræðslustöðvar eða stöðva samkvæmt heimild í lögum nr. 49, 7. maí 1928, skal um reksturinn fylgt ákvæðum þeim er segir í lögum þessum.

2. gr.

Verksmiðjan kaupir ekki síld af framleiðendum, nema með sérstakri heimild frá atvinnumálaráðherra, en tekur við henni til vinnslu fyrir þeirra reikning.

42

3. gr.

14. júní

Áður en árleg starfræksla hefst, skal stjórn verksmiðjunnar leita loforða íslenzkra útgerðarmanna um lágmarksviðskifti við verksmiðjuna eða um tölu skipa, sem fá munu verksmiðjunni afla sinn til vinnslu, og gera samninga við útgerðarmenn þar um. Skulu samningsbundnir viðskiftamenn ganga fyrir viðskiftum. Skal áætlun um viðskiftamagnið vera fyrir hendi fyrir 1. júní ár hvert. Ákveður þá atvinnumálaráðherra innan viku, í samráði við stjórn verksmiðjunnar, með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiftamagni, hvort verksmiðjan verði rekin það ár.

Nú verður meira framboð á síld til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjan geti unnið úr, og getur þá stjórn verksmiðjunnar ákveðið, hve mikið verði tekið til vinnslu af hverjum framleiðanda, enda sé framleiðanda tilkynnt það svo fljótt sem verða má, ef ekki er hægt að taka alla þá síld til vinnslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjuna. Skal sú takmörkun, sem gera þarf vegna of mikils framboðs á síld, að jafnaði koma hlutfallslega jafnt niður á þeim, sem lofað hafa síld til vinnslu í verksmiðjuna.

4. gr.

Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar síldar, sem tekin er af þeim til vinnslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem hér segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði.
2. 5% afborgun af stofnkostnaði síldarstöðvarinnar, og skal um það fé fara eftir ákvæðum 25. gr. laga nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög, en ef verður úr stofnun samvinnufélags þeirra, sem leggja verksmiðjunni verkefni, telst það afborgun af stofnkostnaði.
3. 5% fyrningargjaldi af húsum, mannvirkjum, vélum og áhöldum.
4. 5% gjaldi í varasjóð.

Áætlunarverð síldarafurða, ákveðið samkvæmt þessu og með hliðsjón af 5. gr., má greiða eigendum með allt að 70% við afhendingu síldar til vinnslu, en eftirstöðvarnar, ef nokkrar verða, eftir að reikningsskil hafa verið gerð um sölu í lok starfsárs.

5. gr.

Síldarbræðslunni skal skylt að selja við kostnaðarverði samvinnufélögum, bæjarfélögum, hreppsfélögum og búnaðarfélögum það af síldarmjöli, sem slík félög hafa pantað hjá síldarbræðslunni fyrir 1. ágúst ár hvert og síldarbræðslan getur látið af höndum. Skulu félögin skyld til að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi 15. okt. það ár, sem þær eru gerðar. Félögin mega aðeins láta síldarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varða sektum, frá 500—5000 kr.

6. gr.

Verksmiðja sú, er stofnuð verður fyrst, skal sett á Siglufirði,

enda leggi Siglufjarðarkaupstaður fram fé til hennar að sínum hluta, **42**
eftir því sem um semst við ríkisstjórnina. 14. júní

7. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skipi þrír menn. Einn skipaður af atvinnumálaráðherra, einn skipaður af stjórn síldareinkasölunnar og einn tilnefndur af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar.

Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra til eins árs í senn og ákveður starfssvið hans og laun.

Stjórnin hefir á hendi sölu afurðanna með ráði framkvæmdarstjóra.

8. gr.

Verksmiðjan er undanbegin aukaútsvari, tekju- og eignarskatti, meðan verksmiðjan er í eign ríkisins.

9. gr.

Ef minnst tveir þriðju þeirra manna, sem láta síld til verksmiðjunnar, þar með taldir hásetar, sem ráðnir eru upp á hlut, gera með sér félag, sem starfar samkvæmt lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög, er heimilt að selja því félagi verksmiðjuna, enda sé fullnægt ákvæðum 2. gr. laga nr. 49, 7. maí 1928, um stofnun síldarbræðslustöðva. Skyldir eru þó allir, sem leggja verksmiðjunni til verkefni, að vera í félaginu. Skal samvinnufélagið þá jafnframt skipa einn mann í stjórn verksmiðjunnar, í stað þess manns, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar skipar eftir 7. gr., en alla stjórnendur, þegar félagið hefir greitt stofnkostnaðinn að fullu, enda ræður það úr því allri tilhögun rekstrarins. Þó skal skuldbinding sú, er um getur í 5. gr., hvíla á fyrirtækinu áfram.

10. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar, svo og um tilhögun samvinnufélagsins, skulu sett með reglugerð samkv. 4. gr. laga nr. 49, 7. maí 1928.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.